



Fundur háskólaráðs 2. júní 2005

Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 26.05.2005

Dags: 02.06.2005

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4000; 525 4300

Fax: 552 1331

09/2005

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, fimmtudaginn 2. júní var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Matthías Páll Imsland, Rögnvaldur Ólafsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (varam. Eiríks Tómassonar), Vilhjálmur Árnason, Bryndís Harðardóttir, Jóhannes R. Sveinsson og Jón Ó. Skarphéðinsson. Anna Pála Sverrisdóttir var forfölluð.

1. Mál til fróðleiks

1.1 Greinargerð frá Einari G. Péturssyni, dags. 18. maí sl., vegna hlutfalla í mati á ritverkum.

1.2 Fundargerð 16. háskólafundar 18. febrúar 2005.

1.3 Mál frá 17. háskólafundum 26. maí 2005.

1.4 Ályktun ráðherrafundar Bolognaferlisins í Bergen 19. maí sl. og fréttatilkynning menntamálaráðuneytis um fundinn 20. maí sl.

1.5 Skipun nefndar menntamálaráðherra um heildarendurskoðun á lögum nr. 136/1997 um háskóla, 18. maí sl.

1.6 Umsögn kennslumálanefndar háskólaráðs um tillögu félagsvísindadeildar að breytingu á inntökuskilyrðum fyrir nýnema í grunnnám í deildinni, dags. 23. maí 2005.

1.7 Reglur um inntökuskilyrði í Háskóla Íslands.

1.8 Sjóðir og gjafir í vörslu styrktarsjóða Háskóla Íslands, reikningskil.

1.9 Úthlutun úr Tækjakaupasjóði 2005.

1.10 Dómur Hæstaréttar í máli Júlíusar Sólness prófessors gegn íslenska ríkinu og Háskóla Íslands.

- Lögð voru fram drög að bréfi til ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins. Rektor kynnti efni draganna. Málið var rætt.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Drög að yfirlýsingu um forsendur og frelsi háskóla, samþykkt í samstarfsnefnd háskólastigsins 22. apríl sl.

- Rektor gerði grein fyrir málinu. Lögð voru fram ný drög að yfirlýsingunni lítillega breytt. Fram kom í máli rektors að til stendur að halda fund fyrir fjölmiðla um miðjan júní á vegum rektoranna. Málið var rætt. Fulltrúi stúdenta, Bryndís Harðardóttir, óskaði eftir því að gera eftirfarandi bókun:

"Fyrir hönd SHÍ getur Bryndís Harðardóttir ekki samþykkt að háskólar fái að skapa sér sína eigin tekjustofna í ljósi þess að SHÍ er alfarið á mótí skólagjöldum við Háskóla Íslands."

Rektor var falið að vinna áfram að málinu í samræmi við þau sjónarmið sem fram komu á fundinum.

- Samþykkt samhljóða. Bryndís Harðardóttir sat hjá.

2.2 Skipan stjórnar Stofnunar Sæmundar fróða.

- Frestað.

2.3 Skipan stjórnar Vísindagarða Háskóla Íslands.

- Frestað.

2.4 Kjör fulltrúa í stjórn Mannréttindaskrifstofu H.Í.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Björg Thorarensen prófessor og Róbert R. Spanó dósent, taki sæti í stjórninni og að Pétur Leifsson, lektor við H.A. verði varamaður.

- Samþykkt einróma.

2.5 Tillaga hugvísindadeildar að breytingu á reglum deildarinnar um framhaldsnám, samþykkt á deildarfundi 1. apríl sl. Lagt fram minnisblað akademískrar stjórnsýslu.

- Samþykkt samhljóða.

2.6 Skipan starfshóps um möguleika á þverfaglegu meistaranámi í talmeinafræði, sbr. tilnefningar frá læknadeild, hugvísindadeild og félagsvísindadeild.

- Rektor kynnti málið. Drögin voru rædd og nokkrar breytingar gerðar á fundinum.

Rektor leggur til að háskólaráð skipi starfshóp til að gera fýsileikakönnun á því að setja á laggirnar við Háskóla Íslands þverfræðilegt meistaranám í talmeinafræði. Starfshópnum er ætlað að skila greinargerð til háskólaráðs um mögulegt innihald námsins og skipulag þess, ásamt fjárhagsáætlun og áætlun um fjölda nemenda.

Lagt er til að í hópinn verði eftirtaldir skipaðir:

Anna Björk Magnúsdóttir, háls- nef- og eyrnadeild LSH, tilnefnd af læknadeild
Sigríður Sigurjónsdóttir dósent, tilnefnd af hugvísindadeild
Zuïlma Gabriela Sigurðardóttur, dósent í sálfræði tilnefnd af félagsvísindadeild
Sigríður Magnúsdóttir, talmeinafræðingur, f.h. Félags talkennara og talmeinafræðinga

Með starfshópnum starfi Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs og boðar hann til fyrsta fundar.

Starfshópurinn skal skila greinargerð til hákólaráðs fyrir 1. september nk.

- Samþykkt einróma.

3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Tillögur starfshóps um undirbúning meistaranáms í lýðheilsufræði, sbr. síðasta fund. Umsögn millifundanefndar um málið lá fyrir fundinum.

- Rektor kynnti málið og umsögn millifundanefndar. Málið var rætt og því vísað til fjármálanefndar til umsagnar.

3.2 Tillaga verkfræðideildar um meistaranám í verkefnastjórnun (Master of Project Management: MPM), ásamt tillögu að samþykktum um námið og fjárhagsáætlun námsins 2005-2007. Umsagnir vísindanefndar og kennslumálanefndar lágu fyrir á fundinum.

- Rektor kynnti málið og var það rætt ítarlega.
- Tillaga deildarinnar samþykkt samhljóða.
- Í kjölfar samþykktarinnar gerði háskólaráð eftirfarandi bókun:
"Háskólaráð átelur þau vinnubrögð að nám sé auglýst án þess að það hafi verið samþykkt í háskólaráði. Er rektor falið að ræða málið við viðkomandi deildarforseta"
- Samþykkt einróma.

3.3 Drög að skipulagsskrá Samstarfsnets háskóla á Íslandi, samþykkt í samstarfsnefnd háskólastigsins 22. apríl sl. með fyrirvara um samþykki stjórna viðkomandi háskóla, sbr. síðasta fund. Lögð var fram umsögn millifundanefndar um málið.

- Rektor kynnti málið og þær breytingar sem orðið hafa á drögnum frá síðasta fundi ráðsins.
- Rektor bar upp þá tillögu að Háskóli Íslands verði aðili að samstarfsnetinu.
- Samþykkt einróma.

3.4 Frumtillaga að hönnun heiðursmerkis Háskóla Íslands, sbr. fund ráðsins 7. apríl sl.

- Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins og var það rætt.
- Frestað.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 14.45